

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðar 2023 - síðari umræða

Tillögur Samfylkingarinnar

Bæjarráð 5. desember og bæjarstjórn 7. desember 2022

1. Uppbygging heilsugæslu og hjúkrunarheimilis í Hamranesi

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar fer fram á það við heilbrigðisráðuneytið að nú þegar verði hafnar viðræður um byggingu nýrrar heilsugæslu og hjúkrunarheimilis í Hamranesi. Brýnt er að flýta þessari uppbyggingu því henni er ætlað er þjóna íbúum í Vallahverfi, Skarðshlíð og Hamranesi. Þar munu búa um 10.000 manns þegar hverfin verða fullbyggð.

Greinargerð:

Á síðasta kjörtímabili var samþykkt af öllum flokkum í bæjarstjórn Hafnarfjarðar að heilsugæslu og hjúkrunarheimili skyldi rísa í Hamranesi. Þetta var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 23. júní 2021 og bæjarstjórn fól bæjarstjóra að fylgja málinu eftir. Viðræður eru ekki hafnar og mikilvægt að koma þeim í formlegan farveg sem allra fyrst með aðkomu meiri- og minnihluta í bæjarstjórn. Hér er um stórt og mikilvægt málefni að ræða fyrir íbúa áður nefndra hverfa í Hafnarfirði. Nauðsynlegt er að halda áfram uppbyggingu innviða, en fyrrgreind hverfi hafa því miður setið eftir.

2. Samþætting heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar felur bæjarstjóra að óska eftir viðræðum við heilbrigðisráðuneytið um samþættingu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu í Hafnarfirði.

Greinargerð:

Mikilvægt er að leita allra leiða til þess að bæta og styrkja þá nærþjónustu sem hið opinbera veitir íbúum bæjarins. Oft hefur umræða farið fram um hvort hægt sé að styrkja hvoru tveggja heimahjúkrun, sem er á hendi ríkisins og félagslega heimaþjónustu, sem er á hendi sveitarfélaganna með aukinn samþættingu. Ýmis tilraunaverkefni í þessa veru hafa átt sér stað t.d. á Akureyri með góðum árangri. Nú hefur Reykjavík með samningi við heilbrigðisráðuneytið tekið að sér að reka stóran hluta heimahjúkrunar fyrir ríkið og nú er nefnd að störfum að fara yfir þessi mál og mun hún skila af sér niðurstöðum á næstu dögum. Mikilvægt er að Hafnarfjörður taki frumkvæði í þessum mikilvægum velferðarmálum og taki forystu þegar kemur að því að efla og bæta nærþjónustuna fyrir íbúa Hafnarfjarðar.

3. Fjölgun félagslegra íbúða

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Húsnæðisskrifstofa - fjölgun félagslegra íbúða

Framlag til fjárfestingar í félagslega íbúðakerfinu verði aukið um 200 milljónir, fari úr 250 milljónum í 450 milljónum á árinu 2023. Raunútgjöld aukast þar með 20 milljónir enda gert

ráð fyrir að félagslega húsnæðislánakerfið veiti 90% lán til kaupa á félagslegum íbúðum, sem Hafnarfjarðarbær endurleigir. Leiga íbúða mun að mestu standa undir afborgunum lána.

Greinargerð:

Á undanförnum árum hefur félagslegum íbúðum fjölgað hægt hjá Hafnarfjarðarbæ. Það kallar á kraftmeiri fjárfestingu í kerfinu. Árið 2021 voru keyptar 3 íbúðir inni í kerfið og 2 íbúðir hafa bæst í kerfið á þessu ári. Biðlistar eftir félagslegu húsnæði eru langir og margt fólk þar í mikilli neyð. Þess vegna er nauðsynlegt að fjölga markvisst félagslegum íbúðum sveitarfélagsins og setja aukinn kraft í þetta mikilvæga verkefni.

4. Carbfix - uppbygging í Straumsvíkurhöfn vegna Carbfix á árinu 2023

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu á B hluta - Hafnarfjarðarhöfn:

500 milljón króna framlag til fjárfestinga hjá Hafnarfjarðarhöfn: Hönnun - undirbúningur - uppfyllingar vegna nýrrar hafnargerðar í við Straumsvík..

Tekjur: Lántaka/flýtigreiðslur

Greinargerð:

Fyrir liggur samkomulag Hafnarfjarðarbæjar/Hafnarfjarðarhafnar og Carbfix/Coda Terminal um stórverkefni við Straumsvíkurhöfn. Undirbúningur er í fullum gangi sem og hönnunarvinna. Það stefnir í að Hafnarfjarðarhöfn hefji framkvæmdir við uppfyllingu á síðari hluta næsta árs vegna hafnargerðarinnar. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir því að 500 milljónir króna verði til ráðstöfunar vegna verkefnisins og að Höfninni verði heimil lántaka vegna þessa. Vonir standa til þess að Coda Terminal greiði flýtigreiðslur vegna síðari tíma afnota. Það er þó ekki frágengið enda samningar vegna kostnaðarskiptingar ekki frágengnir. Nauðsynlegt er að gæta varúðar og skynsemi og gera ráð fyrir heimildum í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar til að verkið geti gengið fram.

5. Bókasafn

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að settur verði á stofn nú þegar fimm manna starfshópur kosinn af bæjarstjórn, sem hafi það verkefni að undirbúa flutning Bókasafns Hafnarfjarðar í hið nýja húsnæði við Fjarðargötu, fylgja eftir og ganga frá samkomulagi við verkaðila og eigendur að verslunarmiðstöðinni Firði um hlut Hafnarfjarðarbæjar í nýbyggingunni, sem tekin var skóflustunga að þann þann 29. nóvember síðastliðinn. Framkvæmdir eru þannig hafnar, en verklok áformuð seint á árinu 2024. Fyrir liggur viljayfirlýsing bæjar og eigenda/framkvæmdaaðila um að hlut Hafnarfjarðarbæjar í hinu nýja húsnæði; um 1500fm sem verði hið nýja Bókasafn Hafnarfjarðar. Mikilvægt er að undirbúningur þessa stórverkefnis hefjist nú þegar.

Greinargerð:

Ljóst er að nú þegar þarf að ramma af og undirbúa til fullnustu byggingu nýs Bókasafns Hafnarfjarðar. Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar er ekki gert ráð fyrir neinum fjárhæðum í verkefnið né tekjum móti vegna hugsanlegrar eignasölu. Þess vegna þarf að hefjast handa nú þegar með framkvæmdina, kostnaðargreiningu, leigu eða kaup og annað sem

nauðsynlegt er að gaumgæfa. Til að flýta þeirri grunnvinnu verði skipaður starfshópur í málið.

6. Símenntun og íslenskukennsla

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:
Framlag til íslenskukennslu á vegum Hafnarfjarðarbæjar verði 30 milljónir kr.

Greinargerð:

Í fræðsluráði þann 26. október, 2022, var samþykkt samhljóða eftirfarandi tillaga, sem fulltrúar Samfylkingarinnar lögðu fram:

Að námsflokkum Hafnarfjarðar og sérstaklega íslenskukennsla á vegum Hafnarfjarðarbæjar verði fundin nýtt heimili. Sennilega myndi þessi starfsemi best rúmast innan tækni-og nýsköpunarsetursins sem samþykkt hefur verið að koma á laggirnar. Fulltrúar Samfylkingarinnar í fræðsluráði leggja það til að stofnaður verður starfshópur um íslenskukennslu á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Hópnun yrði ætlað að finna íslenskukennslu stað innan ramma sí- og endurmenntunar Hafnarfjarðarbæjar og þá einnig hvernig væri best að leggja upp slíka kennsla.

Í ofangreindri tillögu bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar er komið til móts við stefnu fræðsluráðs, þannig að þessi starfsemi geti hafist á komandi fjárhagsári.

7. Brettafélag Hafnarfjarðar

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:
Framlag vegna endurbóta, lagfæringa eða kaupa/leigu á nýju húsnæði 15 milljónir.

Greinargerð:

Ljóst er að húsnæði Brettafélagsins við Flatahraun er alls óviðunandi. Húsnæðið er komið til ára sinna og viðhaldi lítt verið sinnt. Mikilvægt er að þetta vaxandi og kraftmikla íþróttafélag fái þann stuðning sem því ber, enda hafa forsvarsmenn þess ítrekað óskað eftir endurbótum á húsnæðinu eða öflun nýs til hinnar virku starfsemi. Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðar fyrir árið 2023 vill Samfylkingin koma til móts við óskir félagsins með þessu hófstilla stofnframlagi.

8. Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar.

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:
Framlag til Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar verði 7 milljónir á árinu 2023 til öflunar nýs húsnæðis til starfseminnar, kaup eða leigu.

Greinargerð:

Dansíþróttafélagið hefur verið á hrakhólum hvað húsnæði varðar og þarf þak yfir höfuðið vegna kraftmikillar starfsemi sinnar. Í þessari tillögu er lagt til hófstillt stofnframlag í þessa veru.

9. Leikfélag Hafnarfjarðar

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Framlag vegna starfsemi og húsaleigu Leikfélags Hafnarfjarðar verði 9 milljónir á árinu 2023.

Greinargerð: Leikfélag Hafnarfjarðar hefur verið á hrakhólum hvað húsnæði varðar undanfarin ár og nú síðast frá áramótunum 2021/2022 hefur félagið verið húsnæðislaust. Það er mikilvægt að bærinn styðji mikilvægt grasrótastarf í menningarmálum bæjarins eins og Leikfélag Hafnarfjarðar er. Þar er unnið mikilvægt starf í þágu blómlegs menningarlífs í og margt ungt fólk fær þar tækifæri til að stíga sín fyrstu spor á leiklistarbrautinni. Framlag þetta er sem næst í samræmi við óskir félagsins.

10. Frístundastyrkur

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Frístundastyrkur verði alls 65 þúsund krónur á hvern einstakling á árinu 2023 og hækki um 10 þúsund krónur milli ára. Lágmarksaldur miðist við 5 ára aldur. Viðbótarkostnaður verði um 50 milljónir á komandi fjárhagsári.

Greinargerð:

Mikilvægi frístundastyrksins er óumdeilt og skiptir máli fyrir börn og ungmenni bæjarins og fjölskyldur þeirra. Með slíku framlagi er þess freistað að sem flestir geti tekið þátt í uppbyggilegri tómstunda- og/eða íþróttaiðkun. Þessi styrkur hefur ekki fylgt verðlagsþróun og það gerist ekki í tillögum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins skv. fyrirliggjandi fjárhagsáætlun. Við þessu er brugðist í tillögu Samfylkingarinnar, auk þess sem styrkurinn er hækkaður ríflega umfram verðlagsþróun. Jafnframt er ráð fyrir því gert að 5 ára aldur njóti einnig styrksins.

11. Frítt í Strætó fyrir börn 12-15 ára

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Börn í Hafnarfirði á aldrinum 12-15 ára fá frítt í strætó. Árlegur viðbótarkostnaður vegna þessa er um 36 milljónir kr.

Greinargerð:

Bæði ungmennaráð og foreldraráð Hafnarfjarðar hafa lagt til að hækka aldur barna sem fá frítt í strætó. Í því er fólgin bæði tímasparnaður og fjárhagslegur ávinningur fyrir foreldra og forráðafólk. Að auki dregur það úr umferð og hefur jákvæð umhverfisáhrif. Árlegur kostnaður er 36 milljónir.

12. Skólalóðir; endurgerð skóla- og leikskólalóða.

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Framlag til endurgerðar skóla- og leikskólalóða hækki um 30 milljónir króna.

Greinargerð:

Uppsöfnuð þörf er á átaki í endurgerð skóla- og leikskólalóða vegna vanrækslu umliðinna ára. Í þessari tillögu er lagt til að taka stærri skref í þessum efnum en tillaga meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks gerir ráð fyrir.

13. Aðgengismál

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Sérstakt aukaframlag upp á 40 milljónir króna verði eyrnamerkt nýju átaki í aðgengismálum í almenningssýmum, s.s. á göngustígum, vegna lýsingar og hljóðmerkinga við gangbrautir.

Greinargerð:

Tillagan lýsir sér sjálf. Mikil þörf er á átaki í þessum efnum, sem tengist aðgengi fólks innan- og utanhúss. Sérstaklega ber að gaumgæfa umferðaröryggi í þessu sambandi, svo sem lýsingu, hljóðmerki við gangbrautir. Nánar verður gerð grein fyrir málinu á bæjarstjórnarfundi.

Tekju- og hagræðingartillögur

1. Útsvar

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að útsvarsprósenta ársins 2023 verði 14,52%.

Greinargerð:

Með því að nýta fyrirliggjandi heimildir í fjárhagsáætlun ársins 2023 gefst fjárhagsauki að upphæð 60-80 milljónir króna. Þær fjárhæðir nýtast m.a. til þeirrar verðugu verkefna sem finna má í margháttuðum tillögum bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar.

2. Sparnaður og hagræðing

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að fela bæjarstjóra að draga saman kostnað á stjórnsýslusviði bæjarins á árinu, sem nemur 50 milljónum króna á komandi fjárhagsári.

Frekari tillögu Samfylkingarinnar, bæði gjalda- og tekjumegin verða kynntar á fundi bæjarstjórnar 7.desember næstkomandi.